



Fréttatilkynning
02 June 2025 16:00:00 GMT

Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 11. apríl 2025 um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 22. viku 2025 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð	Hlutir í eigu Arion
26.5.2025	13:39:28	800.000	172,75	138.200.000	30.155.083
27.5.2025	13:53:27	850.000	173,00	147.050.000	31.005.083
28.5.2025	09:31:41	500.000	178,50	89.250.000	31.193.361
28.5.2025	10:15:26	250.000	177,25	44.312.500	31.443.361
30.5.2025	13:43:05	900.000	176,00	158.400.000	32.343.361
		3.300.000		577.212.500	32.343.361

Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion
30.5.2025	14:03:53	3	13,15	39	3.502.320
30.5.2025	14:04:40	1.112	13,15	14.623	3.503.432



		1.115		14.662	3.503.432
--	--	-------	--	--------	-----------

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 22 samtals 32.857.400 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 22 samtals 35.845.678 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 2,52% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 17.283.176 hluti fyrir 2.788.506.241 kr. og 59.423 heimildarskírteini fyrir 721.635 sænskar krónur.

Heimilt er að kaupa allt að 397.350 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,03% af útgefnum hlutum og allt að 19.470.150 hluti á Íslandi, eða sem svara til 1,37% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 1,4% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 60.000.000 kr. í Svíþjóð og 2.940.000.000 kr. á Íslandi (samtals 3,0 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 31. desember 2025. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 1275/2024 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina eru birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)